

Föstudagur, 12. október, 2018

Ákvörðun nr. 27/2018

Samruni Draupnis fjárfestingarfélags ehf. og CP Reykjavíkur ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Hinn 3. september 2018 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt með bréfi um samruna Draupnis fjárfestingarfélags ehf. (hér eftir Draupnir) og CP Reykjavík ehf. (hér eftir CPR). Með bréfinu barst samrunaskrá í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 648/2008 um tilkynning og málsmeðferð í samrunamálum með síðari breytingum. Um er að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og reglur eftirlitsins nr. 648/2008.

Með bréfi, dags. 6. september 2018, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að þar sem að með samrunaskrá hafi ekki fylgt afrit af greiðslukvittun vegna greiðslu samrunagjalds væri samrunaskráin ekki fullnægjandi í skilningi 17. gr. a. samkeppnislaga. Í ljósi þess hafi frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga, sbr. 9. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, ekki byrjað að líða.

Greiðsla samrunagjalds var innt af hendi hinn 7. september 2018 og var samrunaaðilum tilkynnt sama dag að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, sbr. framangreindar reglur Samkeppniseftirlitsins. Frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga byrjuðu að líða 8. september 2018.

Samrunaskránni fylgdi ennfremur bréf þar sem samrunaaðilar óskuðu eftir undanþágu frá banni við framkvæmd samruna samkvæmt 4. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga. Með bréfi, dags. 7. september 2018, féllst Samkeppniseftirlitið á að veita samrunaaðilum umbeðna undanþágu. Samkeppniseftirlitið setti það sem skilyrði fyrir undanþágunni að samrunaaðilar skyldu tryggja að möguleikar eftirlitsins til íhlutunar yrðu áfram til staðar á meðan málið væri til umfjöllunar, ásamt því að samkeppni yrði ekki raskað með öðrum hætti.

Mál þetta hefur sætt rannsókn Samkeppniseftirlitsins. Sem liður í þeirri rannsókn hefur eftirlitið m.a. átt samtöl við keppnauta á markaðnum og aflað sjónarmiða þeirra. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar þær sem eftirlitið býr yfir skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getið í ákvörðun þessari.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Í því tilviki sem hér er um að ræða hefur Draupnir keypt 89,19% eignarhlut í CPR. Öðlast Draupnir með þeim kaupum yferráð yfir CPR.

Í samrunaskrá kemur fram að Draupnir sé fjárfestingarfélag og að tilgangur þess sé eignarhald verðbréfa og tengd starfsemi. Draupnir sé aðaleigandi Senu ehf. (hér eftir Sena) sem reki samstæðu sem starfi á mörkuðum fyrir afþreyingu til einstaklinga. Innan samstæðu Senu starfi félögin Sena live ehf., Rifsber ehf. (D3) og Þrjúbíó ehf.

Samkvæmt samrunaskrá er Sena umboðsaðili fyrir Sony og Fox fyrir dreifingu á kvikmyndum til kvikmyndahúsa. Þá fjárfesti Sena einnig í réttindum fyrir kvikmyndir á markaði sjálfstæðra kvikmyndaframleiðenda auk dreifingar og markaðssetningar á innlendum kvikmyndum. Þá kemur fram að Sena dreifi fyrir Sony, sjálfstæða framleiðendur og marga innlenda framleiðendur fyrir TVOD markað og fyrir sjálfstæða framleiðendur og innlenda aðila á SVOD rásir. Einnig selji Sena réttindi að kvikmyndum sjálfstæðra framleiðenda til sjónvarpsstöðva. Þá starfi Sena einnig á markaði fyrir tölvuleiki og tölvur en Sena sé umboðsaðili fyrir Sony Playstation til dreifingar og markaðssetningar í verslanir. Þá selji Sena einnig tölvuleiki frá m.a Sony og EA til verslana.

Fram kemur í samrunaskrá að Þrjúbíó ehf. annist rekstur kvikmyndahúsa. Þrjúbíó reki Háskólabíó og Smárabíó. Einnig eigi Þrjúbíó ehf. meirihluta eignarhluta Bíómynda ehf. sem reki Borgarbíó á Akureyri. Jafnframt kemur fram að Rifsber ehf. (D3), dótturfélag Senu, sjái um auglýsingahönnun og miðlun auglýsinga fyrir fyrirtæki Senu og Senu Live.

Samkvæmt samrunaskrá á Draupnir meirihluta í Senu Live en Sena Live skipuleggi og markaðssetji viðburði og selji miða til viðburða- og tónleikagesta. Þá kemur fram að Sena Live eigi dótturfélagið Iceland Airwaves ehf. en félagið sjái um markaðssetningu, skipulag og sölu á tónleikum á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves ehf.

Í samrunaskrá kemur fram að skipta megi starfsemi CPR í þrjár meginstoðir. Ráðstefnuhald, umsjón með viðburðum og skipulagningu hvataferða. Nánar tiltekið feli starfsemin í sér skipulagningu á hópefli, starfsdögum og árshátíðum hjá fyrirtækjum sem og sölu á hvataferðum til erlendra fyrirtækja sem bjóða hingað til lands hópum, t.d stjórnendum, solumönnum og/eða viðskiptavinum. Að lokum þá felist í starfi ráðstefnudeildar félagsins alhliða ráðstefnuþjónusta, skipulag, ráðgjöf og framkvæmd funda, þinga, námsefna, sýninga, kaupstefna og ráðstefna að hverju tagi sem þær nefnist.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga.

Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Samrunaaðilar telja samrunann ekki hafa nein neikvæð samkeppnisleg áhrif þar sem markaðir sem þeir starfi á skarist ekki. Að mati þeirra verði ekki hægt að sjá að nokkra staðgöngu eða önnur tengsl á milli markaðanna sem fyrirtækin starfa á í skilningi samkeppnisréttar. Þá kemur fram í samrunaskrá það mat samrunaaðila að CP hafi ekki háa markaðshlutdeild á þeim mörkuðum er félagið starfi á. [...]¹

Þá byggja samrunaaðilar á því að litlar aðgangshindranir séu til staðar á þeim mörkuðum sem CP starfi á. Í bland við stærri fyrirtæki sem starfi á markaðinum sé einnig mikið af einyrkjum og smærri aðilum starfandi. Stofnkostnaður sé lítill við að hefja starfsemi og yfirbygging þurfi ekki að vera mikil.

Við meðferð málsins átti Samkeppniseftirlitið samtöl við ýmsa keppinauta samrunaaðila. Meginsjónarmiðin sem fram komu í þeim samtölum voru þau að samruninn væri ekki til þess fallinn að hafa skaðleg áhrif á samkeppni á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á. Að einhverju leyti sé samruninn þvert á móti jákvæður fyrir minni keppinauta. Einnig kom fram það sjónarmið að samrunar minni fyrirtækja kunni að vera nauðsynlegir þegar markaðurinn drægist saman.

Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem leiðir til þess að samrunaaðilar hafi, eða muni öðlast, markaðsráðandi stöðu á mörkuðum málsins. Þá mun samruninn ekki leiða til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur Samkeppniseftirlitið að fyrirhugaður samruni leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV. Ákvörðunarorð:

„Kaup Draupnis fjárfestingarfélags ehf. á 89,19% eignarhlut í CP Reykjavík ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson